

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps er heimilt að leggja á árlegt sorpgjald (sorphaðu- og sorpeyðingargjald) sem innheimt skal með fasteignagjöldum.

Sorphaða fer fram samkvæmt dagatali sorphaðu ár hvert. Árið 2013 er gert ráð fyrir 19 sorphaðudögum. Einnig er móttaka sorps á gámasvæðum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir, lögbýli, íbúðarhús (660 l kör)	kr. 46.500
--	------------

Hver aukalosun frá

íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum	kr. 2.500
---------------------------------	-----------

Sumarhús:

kr. 8.700

Notendur þeirra geta losað sig við sorp
á gámasvæðum sveitarfélagsins.

Sorpgjald fyrirtækja:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphaðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphaðu frá þeim.

Sorphaðugjald	kr.
Flokkur 1	50.000
Flokkur 2	139.000
Flokkur 3	165.000
Flokkur 4	270.000
Flokkur 5	505.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

3. gr.

Að lokinni álagningu skv. 2. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Hreppsnefnd er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Húnavatnshrepps 31. október 2012, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphaðu í Húnavatnshreppi og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1310/2011. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Húnavatnshreppi, 31. október 2012.

Jens P. Jensen sveitarstjóri.